

Aðalfundur LÍ
1. nóvember 2024

Ályktun
gegn afnámi stöðunefnda

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 1. nóvember 2024 lýsir eindreginni andstöðu við lagabreytingu sem ráðherra heilbrigðismála hefur boðað um afnám stöðunefnda. Stöðunefndir hafa ávallt gengt mikilvægu hlutverki. Þær meta faglegt hæfi ýmissa stjórnenda á heilbrigðisstofnunum, til dæmis yfirlækna, forstöðulækna og framkvæmdastjóra lækninga.

Læknafélag Íslands lýsir sig alfarið andvígt boðaðri lagabreytingu heilbrigðisráðherra. Það er afar mikilvægt að ávallt fram fari faglegt mat á hæfi stjórnenda til að minnka líkur á geðþóttaráðningum og að fólk sem ekki er nægilega hæft verði ráðið í mikilvægar stjórnunarstöður í opinbera heilbrigðiskerfinu.